

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992 um vog, mál og faggildingu og sbr. i)-lið 1. mgr. 7. gr. rg. nr. 353/1997 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Páll Gunnar Pálsson.
AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „9 bæjarfulltrúum“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7 bæjarfulltrúum.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi þannig að kjörnir verði sjö fulltrúar í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar í sveitarstjórnarkosningunum 23. maí 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.
SAMYKKT

um hesthúsahverfi í Egilsstaðabæ.

1. gr.

Hesthúsum skal vel við haldið m.a. hvað varðar málningu. Vanda skal til frágangs á heybirgðum og þær geymdar á þar til ætluðum stöðum.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar skal vera snyrtilegur. Gerði skulu malborin og girt vönduðum girðingum og skulu þær þannig gerðar að slyshætta verði eins lítil og auðið er. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, heyyvinnslutæki, byggingaefni og aðra lausamuni nema á skipulögðum geymslusvæðum.